

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Kaupmáttur launa og kaupmáttur ráðstöfunartekna
2. Íslendingar eru vinnusöm þjóð
3. Toppinum náð ?
4. Verðbólga og verðbólguþrýstingur
5. Búferlaflutningar
6. Vinnuskipti félagsmanna VR


HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	550.100 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	6,0%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	4,3%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	2,0%
Fjöldi félagsmanna VR	34.407

1. Kaupmáttur launa og kaupmáttur ráðstöfunartekna

Vísitölur fyrir kaupmátt launa, hvort sem er vísitala Hagstofunnar eða VR, sýna að kaupmáttur launa er orðinn hærri en hann var þegar best lét árið 2007. Mynd 1 sýnir þetta. Laun segja hins vegar ekki alla söguna. Til að átta sig betur á stöðu fólks hentar betur að skoða ráðstöfunartekjur. Tafla 1 sýnir hvernig ráðstöfunartekjur eru reiknaðar út. Kaupmáttarvísitala Hagstofunnar sýnir tímakaup fyrir skatt á meðan kaupmáttarvísitala VR sýnir heildarlaun eftir skatt. Þó kaupmáttarvísitala VR lýsi betur þeirri kaupmáttarþróun sem einstaklingar finna fyrir, samanborið við kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar, nær hún ekki að lýsa fyllilega þeim kaupmætti sem heimilin finna raunverulega fyrir. Til þess þarf að taka tillit til þeirra þátta sem sýndir eru í töflu 1. Þegar það er gert er niðurstaðan allt önnur en sýnd er á mynd 1.

Mynd 2 sýnir þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna fyrir fjórar mismunandi heimilisgerðir. Nýjustu tölur eru fyrir 2015. Víst er að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi batnað árið 2016 en það breytir því ekki að langt er í að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði á pari við 2007. Árið 2015 voru t.d. ráðstöfunartekjur hjóna með barn 30% lægri að meðaltali en þær voru árið 2007.

Mynd 1 – Kaupmáttur launa



Tafla 1 – Samsetning ráðstöfunartekna heimilanna

Feitletruðu línurnar eru samtala af liðunum fyrir ofan þær

Liður	Upphæð
Atvinnutekjur	4.979.141
Fjármagnstekjur	564.292
Aðrar tekjur	1.213.185
Tekjur alls	6.756.623
Skattar	1.581.630
Vaxta- og barnabætur	-71.569
Skattar alls	1.510.061
Vaxtagjöld v/íbúðalána	332.570
Önnur vaxtagjöld	155.547
Vaxtagjöld alls	488.116
Ráðstöfunartekjur	4.758.445

Það þarf því að fara varlega þegar talað er um að kaupmáttur hafi aukist og sé orðinn meiri en þegar best lét. Það kann að vera að svo sé ef aðeins er litið til launa en sé heildarmyndin skoðuð fæst umtalsvert önnur niðurstaða líkt og mynd 2 sýnir. Myndin segir ekkert til um hvaða heimilisgerð hefur mestan kaupmátt heldur aðeins þróunina frá janúar 2007. Þannig er kaupmáttur hjóna án barna töluvert meiri en kaupmáttur einstæðs foreldris. Kaupmáttur hjóna án barna dróst þó töluvert meira saman í hrúninu en hjá einstæðu foreldri.

2. Íslendingar eru vinnusöm þjóð


Landsframleiðsla á mann er oft notuð sem mælikvarði á velmegun þjóða. Landsframleiðsla er verðmæti alls þess (vara og þjónustu) sem er framleitt hérlendis. Á þann mælikvarða raðast Ísland ofarlega. Þetta má sjá á mynd 3. Tölurnar eru frá 2015 en hagvöxtur (breyting á landsframleiðslu milli ára) árið 2016 var mjög mikill á Íslandi og því ljóst að fyrir árið 2016 raðast Ísland enn ofar á listanum.

Landsframleiðsla ein og sér segir aftur á móti ekki allt. Lönd þurfa að hafa misjafnlega mikið fyrir landsframleiðslunni. Tvö lönd geta t.d. haft sömu landsframleiðslu á mann þó íbúar annars landsins vinni mun meira en hins. Íslendingar eru dæmi um þjóð sem vinnur marga klukkutíma á ári auk þess sem stór hluti þjóðarinnar er í vinnu.


Mynd 4 sýnir meðalfjölda unninna klukkustunda á ári og hlutfall starfandi í viðkomandi landi. Hver punktur táknar eitt land. Ísland er merkt með gulum punkti. Myndina skal lesa þannig að eftir því sem farið er ofar á myndinni því hærra er hlutfall starfandi. Eftir því sem farið er lengra til hægri á myndinni því hærri er meðalfjöldi unninna klukkustunda á ári. Það má því segja að eftir því sem farið er lengra í norð-austur á myndinni því vinnusamari er viðkomandi land. Gráu línurnar eru til að geta borið saman vinnusemi þjóða. Á þennan mælikvarða er ekkert OECD ríki vinnusamara en Ísland. Mexíkó og Suður Kórea komast þó næst Íslandi en meðalfjöldi unninna klukkustunda er mjög hár þar.

Á myndinni má einnig sjá nokkra rauða punkta. Þetta eru þau lönd sem raðast ofar en Ísland á mynd 3. Fyrir utan að vera með hærri landsframleiðslu á mann eiga þessi lönd það sameiginlegt að vinna styttri vinnuviku en Íslendingar auk þess sem hlutfall starfandi er lægra. Það er því hugsanlegt að ef vinnuvikan á Íslandi yrði styttr myndi það ekki koma niður á landsframleiðslu á mann.


Mynd 2 – Kaupmáttur ráðstöfunartekna eftir fjölskyldumynstri



Mynd 3 – Landsframleiðsla á mann meðal OECD ríkja árið 2015



Mynd 4 – Vinnusemi OECD ríkja



3. Toppinum náð ?

Margir velta því nú fyrir sér hvort sú uppsveifla sem hófst í kringum 2011 sé að líða undir lok. Margir hagvísar benda nú til þess að hagkerfið sé komið á svipaðar slóðir og 2007. Mynd 5 sýnir nokkra hagvísar sem allir fá gildið 100 árið 2007. Landsframleiðsla á mann, hlutfall starfandi og Kaupmáttarvísitala VR eru jöfn eða hærri árið 2016 samanborið við 2007. Íbúðaverð sem hlutfall af útborguðum heildarlaunum er enn nokkuð lægri en 2007 þrátt fyrir að fasteignaverð hafi hækkað mikið undanfarin 1-2 ár.


Það sem hins vegar skilur núverandi uppsveiflu frá fyrri uppsveiflu sem stóð frá 2003 til 2007 er skuldsetning heimila og fyrirtækja. Skuldsetning hefur lækkað allt frá 2008 til dagsins í dag. Mikil aukning skulda ýtir undir þenslu í hagkerfum. Ef skuldsetning tekur að aukast á ný hjá heimilum og fyrirtækjum er líklegt að það myndi auka enn á þensluna og lengja uppsveifluna um 2-3 ár. Skuldsetning mun því ráða nokkuð miklu um það hvernig framvindan í efnahagslífinu verður á næstu 2-3 árum. Þá mun fjöldi ferðamann einnig skipta miklu máli.

Í rannsókn hagfræðings VR¹ á fjölda ferðamanna kemur fram að líklegt er að ferðamönnum haldi áfram að fjölga þrátt fyrir mikinn vöxt undanfarin ár og styrkingu krónunnar. Í þeim löndum þar sem ferðamönnum hefur fjölgað mikið á stuttum tíma og síðan dregist mikið saman í kjölfarið var ástæðan fyrir samdrættinum yfirleitt atburðir sem ógnuðu öryggi einstaklinga. Þannig er líklegra en ekki að ferðamönnum haldi áfram að fjölga á Íslandi sem styður við uppsveifluna.

4. Verðbólga og verðbólguþrýstingur


Verðbólga á Íslandi hefur verið undir 2,5% verðbólguþrýsting Seðlabankans í rúm þrjú ár. Í mars 2017 mældist verðbólgan 1,6%. Án húsnæðisliðarins mældist verðbólgan -1,7% sem er það lægsta síðan 1968. Að hluta til er verðbólgan lág sökum þess að krónan hefur styrkst mikið og olíuverð lækkað og haldist lágt. Mikil er talað um að verðbólguþrýstingur innanlands sé mikill. Talað er um verðbólguþrýsting þegar mikil uppsveifla er hafin líkt og nú. Það er þó langt frá því að vera algilt að verðbólga aukist í uppsveiflu enda margt annað en uppsveiflan ein og sér sem getur valdið verðbólgu.

Mynd 5 – Þróun ýmissa hagvísar 2007 til 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðskrá og VR

Mynd 6 – Verðbólga með og án húsnæðis



Heimild: Hagstofa Íslands


¹ Grein birtist í Vísbandingu 21. febrúar 2017

Það sem gæti leitt til aukinnar verðbólgu á næstu mánuðum er hækkun olíuverðs og annarra hrávara auk veikingar krónunnar. Flestum hagfræðingum ber þó saman um að líklegra er að krónan muni styrkjast fremur en veikjast næstu misseri. Óvissan er þó meiri hvað hrávöruverð varðar.

Til eru nokkrar verðvísitölur sem eiga að varpa ljósi á verðbólgu á Íslandi þ.e. verðbólgu sem er óháð gengi krónunnar og/eða innfluttra vara. Hugmyndin er að reyna að fá svar við því hver verðbólgan sé án áhrifa af gengi krónunnar eða t.d. olíuverðs. Allir þessi mælivarðar sýna verðbólgu um eða undir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands.

Í samanburði við önnur Evrópulönd var Ísland eina landið þar sem verðbólga var neikvæð í febrúar 2017, sjá mynd 7.

Mynd 7 – Verðbólga meðal Evrópuríkja í febrúar 2017




Heimild: Hagstofa Íslands

5. Búferlaflutningar

Fleiri Íslendingar fluttu frá landinu en til þess árið 2016, þetta sýnir mynd 8. Það er þó ekki óeðlilegt því almennt flytja fleiri Íslendingar frá landinu en til þess þó munurinn sé lítill þegar vel árar. Þegar línan er fyrir ofan núll flytja fleiri til landsins en frá því. Myndin sýnir að árin fram að hruni 2008 fluttu nær alltaf fleiri Íslendingar frá landinu en til þess að árinu 2005 undanskyldu. Megin munurinn milli áruna 2015 og 2016 hvað íslenska ríkisborgara varðar er mikill viðsnúningur hjá aldurshópnum undir 20 ára.


Mynd 8 – Búferlaflutningar milli landa eftir ríkisfangi



Heimild: Hagstofa Íslands

Aðra sögu er að segja með erlenda ríkisborgara en yfirleitt flytja fleiri erlendir ríkisborgarar til landsins en frá því. Árin eftir hrun, þ.e. 2009-2011, fluttu þó fleiri frá landinu en til þess. Í þeirri miklu uppsveiflu sem er hafin á Íslandi fylgir mikill aðflutningur erlends vinnuafis. Árið 2016 fluttu ríflega 4.200 fleiri erlendir ríkisborgarar til Íslands en frá Íslandi. Haldi þessi þróun áfram er líklegt að árið 2017 muni svipa til áruna 2006 og 2007. Að mestu leyti eru þetta erlendir aðilar á aldrinum 20 – 39 ára.

Mynd 9 – Hlutfall Íslendinga sem flytja frá höfuðborginni á landsbyggðina skipt niður á aldurshópa



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Íslendingar flytja frá höfuðborginni

Það er ekki aðeins hreyfing á íslenskum ríkisborgurum milli landa heldur eru Íslendingar einnig farnir að færa sig um set innanlands. Mynd 9 sýnir fjölda þeirra sem flytja frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina sem hlutfall af mannfjölda á viðkomandi aldri. Nokkuð mikill aukning er í hópi 31-40 ára sem flytja af höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina. Slíkt hefur sést áður en frá 1998 til 2005 fluttu margir á þeim aldri frá höfuðborginni. Sömu sögu er að segja um fólk eldra en 40 ára frá og með 2011.


Sé litið til áfangastaða flytja flestir til Suðurnesja eða Suðurlands. Þetta sýnir mynd 10. Ástæðan er eflaust tvíþætt. Mikill uppgangur í ferðamannaíðnaðinum getur dregið fólk til þeirra svæða þar sem uppgangurinn er hvað mestur. Þá getur einnig hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu leitt til fólksflutninga frá höfuðborginni til þeirra svæða sem eru nálægt, svo sem Suðurlands og Suðurnesja.

6. Vinnuskipti félagsmanna VR

Félagsmenn VR skipta örar um vinnu seinustu 1-2 árin borið saman við árin eftir hrun. Þetta sýnir mynd 11 sem framvegis mun birtast í mælaborðinu hér aftast í Efnahagsyfirlitinu. Glögglega má sjá að vinnuskipti aukast í uppsveiflum en dragast saman í niðursveiflu. Frá 1996 fram að svokallaðri Dot.com bólu árið 2001 jukust vinnuskipti töluvert. Nokkuð dró úr þeim fram til ársins 2003 þegar næsta uppsveifla á Íslandi hófst. Eftir hrun 2008 dró verulega úr hlutfalli félagsmanna VR sem skiptu um vinnu. Frá 2013 hefur hlutfallið þó farið hækkandi.

Það veur þó nokkra furðu að í þeirri uppsveiflu sem nú er hafin virðast vinnuskipti ekki hafa aukist í takt við fyrri uppsveiflur. Tekið skal fram þeir sem skipta um vinnu og hætta að greiða til VR eru ekki taldir með. Ástæðan er sú að ekkert er vitað um félagsmenn sem hætta eru að greiða, þ.e. hvort viðkomandi hafi farið í nám, skipt um vinnu o.s.frv.


Mynd 10 – Fjöldi sem flytur frá höfuðborginni eftir landshlutum.



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Mynd 11 – Vinnuskipti félagsmanna VR


Hlutfall félagsmanna VR sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ljósgráa línan eru raunveruleg vinnuskipti, bláa línan sýnir stefnuna hverju sinni og auðveldar þannig lestur myndarinnar.



Mælaborð Efnahagsfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR

Meðallaun félagsmanna VR eftir skatt leiðrétt fyrir verðbólgu




Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands

Vísitalan sýnir tímakaup dagvinnu leiðrétt fyrir verðbólgu




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun fyrir allann vinnumarkaðinn




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála



Vinnuskipti félagsmanna VR


Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ekki er hægt að taka tillit til þeirra sem skipta um vinnu og byrja að greiða í annað stéttarfélag.



Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu


Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR

Verð íbúðarhúsnæðis og leiguverð


Vísitölurnar hafa ekki verið leiðréttar fyrir þróun verðlags. Ath. Leiguverð á aðeins við um þinglýsta leigusamninga



Heimild: Þjóðskrá Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af ári



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa²



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Veltu vísitölur smásöluverslunar


Vísitölurnar byrja í 100 í janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

² Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)